

**Nd.**

**148. Frumvarp**

til laga um stofnun kennaraembættis í hagnýtri sálarfræði við Háskóla Íslands.

Flutningsm.: Matth. Ólafsson, Jón Jónsson, Sveinn Björnsson.

1. gr.

Við Háskóla Íslands skal stofna kennaraembætti í hagnýtri sálarfræði.

2. gr.

Kennarinn í þessari grein skal hafa á hendi vísindalegar tilraunir til að bæta vinnubrögð í landinu. Að öðru leyti hefir hann sömu skyldur og rjettindi sem prófessorar við háskólann.